

LAND



pósturinn

FRÉTTABRÉF FÉLAGS LANDFRÆÐINGA

21. árg. 2. tbl. október 2009

Ábm.: Edward H. Huijbens, Félag landfræðinga, Pósthólf 5391, 125 Reykjavík
www.landfraedi.is

Haustfundur, 29. október kl. 10.00

Hádegisverðarfundur í Norræna húsinu

Árlegur Haustfundur Félags landfræðinga verður haldinn í Norræna húsinu, kl. 10.00 – 13.00, fimmtudaginn 29. október. Eftir árangur af Vorþingi 5. maí sl. var ákveðið að halda í þá nýbreytni sem felst í að halda fundinn á vinnutíma og bjóða félagsmönnum uppá kaffi og hádegisverð að loknum fundi á Dill, nýjum veitingastað Norræna hússins.

Skráningargjald er kr. 1.000 og tekur ritari félagsins við skráningu gegnum tölvupóstfangið: hulda.axelsdottir@reykjavik.is. Skráningargjald verður rukkað gegnum heimabanka eða með heimsendum greiðsluseðli. Tekið er við skráningum til 27. október.

Aðalfyrirlesari

Á haustfundi 2009 verður aðalfyrirlesari Halldór Björnsson, verkefnisstjóri í loftslagsrannsóknum á Veðurstofu Íslands. Halldór Björnsson hefur stundað rannsóknir á veðurfari og loftslagsbreytingum um margra ára skeið. Hann lauk prófi í jarðeðlisfræði frá Háskóla Íslands og doktorsprófi frá veður- og haffræðideild McGill háskóla í Montréal, Kanada. Hann lagði stund á rannsóknir við McGill háskóla og við Princeton háskóla í Bandaríkjunum, auk þess sem hann kenndi veður- og loftslagsfræði við háskóla bæði hérlendis sem erlendis.

Útdráttur

Frá iðnbyltingu hefur magn gróðurhúsalofttegunda í lofthjúpunum aukist um rúmlega þriðjung. Þetta hefur í för með sér aukin gróðurhúsaáhrif sem leiða til hnattrænnar hlýnunar. Á síðustu öld hækkaði meðalhiti jarðar um 0.7°C, og skarpast hlýnaði á síðustu áratugum aldarinnar. Óræk ummerki loftslagsbreytinga má sjá víða í náttúrunni. Þetta á sér stað á sama tíma og álag eykst vegna ýmissa annarra umhverfisbreytinga af mannavöldum. Má þar nefna skógareyðingu í hitabeltinu, ofnýtingu grunnvatns, jarðvegseyðingu og tegundadauða. Þessar umhverfisbreytingar hafa átt sér stað á sama tíma og margir mælikvarðar benda til aukinnar hagsældar mannkyns. Fyrirlesarinn ræðir þær loftslagsbreytingar sem orðnar eru og líklegar eru á næstu öld og setur þær í samhengi við aðrar umhverfisbreytingar.

Haustfundur FL, kl: 10.00, fimmtudaginn 29. október
Norræna húsið - Dill

Takið morguninn frá!

Vorþing Félags landfræðinga

Haldið í Norræna húsinu, þriðjudaginn 5. maí

Þann 5. maí sl. var Vorþing Félags landfræðinga haldið í Norræna húsinu. Þema vorþingsins var tengt mannvistarlandafræði og voru haldin 6 áhugaverð og fjölbreytt erindi. Mæting var góð og virtist sú ráðstöfun að halda morgunverðarfund hafa skilað sér.

Björn Traustason varaformaður félagsins setti vorþingið og kynnti til sögunnar opnunarerindið sem flutt var af Viðari Hreinssyni um háskólasetrið Svartárkot í Bárðardal, um alla þá möguleika sem slíkur staður hefur upp á að bjóða og tengingu við háskólasamfélagið.

Þá voru haldin 5 styttri erindi af félagsmönnum. Edda R. H. Waage fjallaði um landslagsmyndir sögualdar þar sem hún sýndi hvernig orðanotkun í Íslendingasögunum getur varpað ljósi á landslag á söguöld. Sverrir Örvar Sigurðsson greindi frá meistaraverkefni sínu sem bar heitið *Á slóðum borgarferðamannsins* – greining á landnotkun, umhverfi og stefnumótun í ferðamennsku í Reykjavík. Þar setti hann sig í fótspor ferðamanns í höfuðborginni og greindi þá möguleika sem eru til staðar og hvað betur mætti fara til að auka aðgengi að ýmsum stöðum innan borgarmarkanna. Karl Benediktsson hélt erindið *Pípari, pósthús og prestur* þar sem hann greindi frá niðurstöðum rannsóknar á samhengi þjónustustigs og fólksfækkunar í völdum byggðarlögum. Magnfríður Júlíusdóttir flutti erindi sem bar heitið *Á ferð til framtíðar* þar sem hún fjallaði um kyn, hreyfanleika og rými í Zimbabve. Síðasti fyrirlesari vorþingsins var Inga Elísabet Vésteinsdóttir með erindi sitt *Landið í lambinu*, en þar fjallaði hún um breyttar áherslur í framleiðslu og markaðssetningu sauðfjárafurða.

Vorþingi Félags landfræðinga lauk með máltíð á veitingastaðnum Dill í Norræna húsinu. Mjög vel heppnað vorþing í alla staði.

Landabréfið 2010

Ritstjórn Landabréfsins kallar eftir greinum og ritgerðum í tímaritið sem áætlað er að komi út haustið 2010. Æskilegt er að greinar berist fyrir 1. júlí 2010. Þær fara þá í yfirllestur og ritrýningu. Ábendingar og tillögur um efnistöð og hugmyndir eru einnig vel þegnar.

Ritstjórn vill einnig benda á möguleikann á að senda inn bókagagnrýni eða aðra rýni sem á erindi til landfræðinga.

Ritstjóri Landabréfsins er Karl Benediktsson: kben@hi.is




Grill og fjölskylduferð FL

Mógilsá, laugardaginn 6. júní 2009

Á aðalfundi 2009 var ákveðið að 6. júní yrði gengið á Esjuna og grillað á eftir við Mógilsá og jafnvel teygt úr sér í saunu starfsmannafélags Mógilsár eftir Esjubrólt. Fékk dagurinn heitið: Uppstigningardagur félags landfræðinga.

Var vel mætt og þó veðrið hafi leikið við félagsmenn gengu þeir reyndar ekki á Esjuna, en fóru í skógargöngu og leiki með börnin. Svo var grillað í boði félagsins og gufubað kynt með við úr skógarreit Skógræktarinnar. Átti varaformaður félagsins Björn Traustason veg og vanda að frábæru skipulagi dagsins og kynjaskiptum gufubaðsferðum með útisturtu.



Timbur úr skóginum við Mógilsá
- gefur afbragðs gufu -

Nemendakvöld Félags Landfræðinga á Hressó

Árlegt nemendakvöld eftir kynningu félagsins á starfi þess fyrir alla nemendur í landfræði við Háskóla Íslands, var haldið á Hressó föstudaginn 2. október.


Eftir kynningu við HÍ var haldið nemendakvöld Félags Landfræðinga á Hressó föstudaginn 2. október. Hafði félagið opinn bar frá 20.00 til 21.00 og var stjórnin nokkuð ánægð með mætingu, en nokkrir nemar og útskrifaðir landfræðingar létu sjá sig. Stjórnarmeðlimir kynntu félagið og þá viðburði og starfsemi sem félagið stendur fyrir. Þessi nemendakvöld hafa reynst nemendum vel við að styrkja tengslanet sitt og voru rædd ýmis málefni sem brenna á landfræðingum um þessar mundir. Vonandi mæta enn fleiri næst, bæði nemendur og útskrifaðir.

Nokkrir lauflettir



„We're waiting for the city to come to us...”

„Við bíðum þess að borgin komi til okkar“ – byggðapróun ársins 2007, er hún hætt?



Mógrafir norðursins hafa oft að geyma leifar manna sem heita Móri – hmmm ...